

Ed.

155. Tillaga

til þingsályktunar um aukinn styrk og lánsheimild til flóabáta.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni:

1. að hækka styrk þann, sem ákveðinn er í gildandi fjárlögum til Langanessbáts, um alt að 12 þús. kr. á ári, og gangi 1 eða 2 bátar frá Sauðárkróki til Seyðisfjarðar, með viðkomu í Grimsey, er sjeu eigi minni til samans en 80 smálestir og haldi uppi ferðum til miðs nóvembers, og enn fremur hækka styrkinn til bátsferða um Ísafjarðardjúp upp í alt að 9 þús. kr. á ári.
2. að lána alt að 90 þús. kr. til kaupa á Húnaflóabát.